



Verkmennaskóli Austurlands

Sjálfsmat vorönn 2009

Áfangaskýrsla

Verkmennaskóli Austurlands
Gunnar S. Ólafsson
September 2009

Sjálfsmat Verkmenntaskóla Austurlands Áfangaskýrsla vorönn 2009

Sjálfsmatsnefnd VA var á vorönn 2009 skipuð sömu starfsmönnum og undanfarið en þeir eru: Gunnar Ólafsson formaður, Sigurborg Hákonardóttir, Pjetur St. Arason og Svanlaug Aðalsteinsdóttir. Fundað var einu sinni í viku, klukkustund í senn, á mánudögum kl. 11:00.

Samkvæmt sjálfsmatsáætlun VA fyrir árin 2006-2009 er ætlunin að vinna að samantekt og mati á skólastarfi á vor- og haustönn 2009. Matsþættirnir eru þessir:

- Helstu niðurstöður og samantekt á styrkleikum og veikleikum
- Gerð grein fyrir úrbótum og árangri
- Tillögur um úrbætur
- Athugasemdir skóla við sjálfsmat
- Lokafrágangur sjálfsmatskýrslu

Þar sem þessari vinnu er dreift á tvær annir þá var tekin ákvörðun um að geyma til haustsins þrjá fyrstu punktana ásamt þeim síðasta og leita eftir athugasemdum við sjálfsmat á vorönninni. Einnig var tekin ákvörðun um að meta störf stjórnenda, meta þemadagana og framkvæma áfangamatið með nýjum hætti.

Síðastliðið haust gerðist VA áskrifandi af SurveyMonkey en það er hugbúnaður sem notaður er til að gera rafrænar kannanir og er vistaður á vefnum SurveyMonkey.com. Með þessum hugbúnaði er auðvelt að gera rafræna skoðanakannanir þar sem úrtakið er stórt en hentar einnig vel þar sem fjöldi svarenda er lítill eins og í áfangamatinu. Einnig er hægt að fjölga spurningum frá því sem verið hefur þar sem öll úrvinnsla er fljótlegri og mjög þægilegt er að keyra út skýrslur og færa gögnin yfir í EXCEL til frekari úrvinnslu.

MAT Á STJÓRNENDUM

Á vorönninni kom ósk frá skólameistara um að meta störf stjórnenda. Var orðið við þeirri beiðni og lögð fyrir rafræn könnun (Viðauki 1). Skólameistari fór yfir niðurstöðurnar með starfsfólki skólans á starfsmannafundi þann 27. mars og verða þær því ekki tíundaðar hér. Nokkur gagnrýni kom fram á spurningarnar sjálfar. Fannst starfsmönnum svarmöguleikarnir of þröngir, einungis var gefinn kostur á að svara já, nei eða veit ekki. Þó má benda á að í hverjum spurningaflokki var spurningin "Annað sem þú vilt koma á framfæri...". Af þeim 22 starfsmönnum sem svöruðu voru fjórir sem notuðu þennan möguleika.

Meðal þeirra athugaemda sem fram komu eru þessar:

Forysta skólameistara: *Varðandi 5. sp. (Leggur skólameistari til þekkingu og gefur hann öðrum hlutdeild í sinni þekkingu?) er ég að hugsa um hvort átt sé við faglega þekkingu, sem ég á ekki von á heldur þekkingu varðandi skólann og þv.l. hluti.*

Framtíðarsýn stjórnenda: *Verið er að vinna að stefnu Verkmenntaskólans. Ekki nógu skýrt hver staðan er á þeirri vinnu.*

Metnaður skólans: *Varðandi spurningu nr.3. (Eru nemendur og foreldrar meðvitaðir um metnað skólameistara fyrir hönd starfseminnar?) Allir sem fylgjast með börnum sínum í skólanum og hafa áhuga á starfinu ættu að vera meðvitaðir um þetta en alltaf er hluti foreldra sem virðist ekki hafa áhuga og erfitt er að ná til.*

Samstarf stjórnenda: *Varðandi spurningar nr. 3 og 4 (3. Er starfsmönnum, nemendum og samstarfsaðilum ljós verkaskipting milli stjórnenda? 4. Virða stjórnendur og starfsmenn staðfesta verkaskiptingu?) mætti e.t.v. skerpa frekar á verkaskiptingunni svo öllum væri hún ljós. en mér persónulega er þetta ljóst því svara ég já...*

Ákvarðanataka: *mætti vera markvissara og meira áberandi en ég persónulega hef þessar upplýsingar.*

Í þessum athugasemdum er það einkum þrennt sem vert er að benda á: Stefnumótunarvinnan, verkaskipting og ákvarðanir, hvernig þær eru best kynntar.


Stefnumótunarvinna – brýnt að halda henni áfram. Þarf að tengja þetta við innleiðingu nýju framhaldsskólalaganna og gerð nýrrar skólanámskrár.

Verkaskipting – fara yfir og kynna fyrir starfsfólki skipurit skólans. Eins er spurning með endurskoðun starfslýsinga.


Ákvarðanir – hvernig eru þær best kynntar. Fram að þessu hafa þær verið kynntar á kennarafundum eða starfsmannafundum en það virðist sem það dugi ekki. Vert að benda á að síðasta vetur var kennarafundum fækkað. Erfitt að sjá hvaða aðrar leiðir eru færar. Þarf að huga að þessu.

ATHUGASEMDIR SKÓLA VIÐ SJÁLFSMATI – MAT Á SJÁLFSMATI


Til að fá fram athugasemdir skóla við sjálfsmat var valin sú leið að leggja fyrir rafræna könnun með SurveyMonkey (Viðauki 2). Af 25 "reglulegum" starfsmönnum, þ.e.a.s. þeim sem mæta nær daglega í skólann svöruðu 15. Hér á eftir eru niðurstöðurnar sýndar myndrænt ásamt hugleiðingum um svörin.




Um það bil helmingur svarenda telur að sjálfsmatið sé sýnilegt. Að öllum líkindum er það áfangamatið sem telur.



Hér hefur rúmlega helmingur svarenda ekki orðið var við aðgerðir í kjölfar úttektar. Þetta segir okkur að það þurfi að kynna betur þær aðgerðir sem gripið er til í kjölfar úttektar. Best er að gera það á starfsmannafundum.




Tveir þriðju hlutar svarenda telja að sjálfsmat í VA skili árangri. Í ljósi svara við spurninguna hér næst á undan, þá bendir þetta til þess að svarendur treysti því að sjálfsmatið skili árangir þrátt fyrir að þeir verði ekki endilega varir við það.



Þarf að fjölga þeim sem lesa skýrslurnar. Nauðsynlegt að allir lesi þær.

Hér var viðbótarspurning Af hverju/Af hverju ekki? Fjórir starfsmenn svöruðu henni. Svörin voru þessi:

- Bara til fróðleiks og samanburðar við heildina*
- Í tengslum við kynningar á niðurstöðum*
- Fæ helstu niðurstöður á fundum*
- Vegna vinnu minnar við nefndina*



Rúmlega helmingur svarenda telja að niðurstöðurnar séu vel kynntar. Þetta er ekki nógu hátt hlutfall og þarf að kynna niðurstöðurnar betur.


Næsta spurning var: **Hvernig vilt þú hafa aðgengi að niðurstöðum sjálfsmats?**

Svörin voru þessi:


*Mat sem snertir einstaka starfsmenn mætti senda þeim í tölvupósti. Annað mætti kynna á innra netinu og á fundum
 Í tölvupósti og eða með kynningum t.d. á kennarafundi
 Skýrsla kynnt á fundi (eins og gert er) og pappír liggi frammi á kennarastofu
 Vildi geta lesið þær af sameign
 Vil hafa aðgang að sjálfsmatskýrslum á sameign
 Í rafrænu formi (svæði á sameign) og eintök á kaffistofunni.
 Útprintun á kaffistofu og á neti*

Niðurstöður sjálfsmats hafa verið kynntar á síðasta starfsmannafundi hveurrar annar og skýrslurnar síðan birtar á heimasíðu skólans. Af þessum svörum má sjá að það þarf að kynna betur fyrir kennurum að sjálfsmatsskýrslurnar eru birtar á heimasíðu skólans. Einnig þarf að setja prentuð eintök á kennarastofu. Varðandi áfangamatið þá hefur alltaf verið hafður sá háttur á að niðurstöður eru sendar hverjum kennara og skólameistara.

Þarf að athuga hvort ekki sé þörf á sérstökum fundi/fundum til að fara yfir niðurstöður sjálfsmats með starfsfólki skólans.




Ef skoðaðar eru tölurnar sem liggja á bakvið þessi hlutföll þá eru það áfangar hjá tveim kennurum sem hafa ekki verið metnir síðust tvö árin. Þar sem könnunin er nafnlaus þá er ekki vitað hvaða kennarar þetta eru. Í ljósi þessa verða á næstu önn metnir áfangar hjá öllum kennurum skólans en það kallar á að þeir setji allir upp áfanga sína í kennsluvef.



Af þessu má sjá að kennarar vilja að einstaka áfangar séu metnir oft. Þetta er gott fyrir samanburð og sérstaklega ef áfangamatið er neikvætt, þá geta kennarar séð hvort þeir eru að bæta

sig að mati nemenda. Þar sem flestir áfangar eru bara kenndir aðra hverja önn, t.d. bara á haustönn, þá þyðir þetta í raun að hver áfangi verður metinn einu sinni á hverju skólaári þ.e.a.s. ef valin verður sú leið að meta áfangann í hvert skipti sem hann er kenndur.




Flestir kennarar eru sammála því að áfangamatið sé nauðsynlegt. Þrír kennarar eru mjög ósammála en þar sem þetta var nafnlaus könnun er ekki vitað hverjir það voru og þeir hafa ekki gefið sig fram við sjálfsmatsnefndina. Þeir notuðu heldur ekki viðbótarspurninguna til að segja afhverju þeir eru ósammála.

Hér var viðbótarspurningin þessi: **Er eitthvað sem þér finnst vanta í áfangamatið eða vildir hafa öðruvísi?**

Tveir svöruðu viðbótarspurningunni:

Ekki neitt sérstakt frekar bara gott held ég.

Myndi vilja að einkunnadreifing nemenda sé skoðuð hjá öllum kennurum og þær bornar saman við ánægju nemenda með viðkomandi kennara.



Af þessum svörum má draga þá ályktun að flestir eru sammála því að sjálfsmat eigi að snúast um meira en áfangamat enda á það samkvæmt lögum að vera altækt. Þetta sést líka á svörum við viðbótarspurningunni.


Hér var viðbótarspurningin þessi: **Ef þú ert ósammála, um hvað á sjálfsmat að snúast?**

Um störf í innri stjórn


Félagslíf, líðan starfsfólks, kennsluáðstöðu,....

Líka mat á alls kyns þjónustu og aðstöðu

Um þessi svör er það að segja að allir þessi þættir hafa verið metnir sérstaklega, ýmist með viðbótarspurningum í áfangamati eða sérstökum könnunum og verður því haldið áfram samkvæmt matsáætlun.





Hér vantaði tilfinnanlega viðbótarspurningu þar sem svarendum gæfist kostur á að tilgreina hvað þeir væru ósáttir við en þrír voru mjög eða frekar ósáttir. Þeir notuðu samt ekki síðustu spurninguna til að koma því á framfæri hvað það er sem þeir voru ósáttir við. Næsta haust er stefnt að því að gera viðbótarkönnun við þessa til að fá þetta fram.




Hér sést að 6 hafa áhuga á að starfa við sjálfsmat í VA. Ekki hefur komið fram hverjir þetta eru en næsta haust þegar auglýst verður eftir starfsfólki í nefndina gefa þeir sig vonandi fram.

OPNIR DAGAR – Hvernig tókust þeir.


Á vorönn 2009 voru opnir dagar dagana 24. – 27. febrúar. Eins og áður hefur komið fram var tekin ákvörðun í vetur að fella niður karnivalgöngu á opnum dögum en vera þess í stað með mismunandi þemu. Í kjölfarið var gerð könnun þar sem svör fengust frá 50 nemendum og eru niðurstöðurnar kynntar hér á eftir.




Hefðir þú viljað hafa hópana



Fannst þú hóp sem hentaði þér?





Þeir sem svöruðu þessari spurningu játandi nefndu eftirfarandi:

- Meiri útvíst!*
- Eitthvað sem tengist tölvum*
- Til dæmis sundhóp (sem að fer saman í sund?)*
- Hesta*

*Einhverskonar vettvangshópa
Allt sem ekki var þarna !*

Eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?

Mætti vera löng helgi eftir þessa daga.

Opnu dagarnir gengu vel og voru skemmtilegir endilega koma með svona opna daga aftur :)

Já mér finnst bara alveg fráleitt að þið séuð að taka af okkur vetrarfríð fyrir

svonatilgangslausa daga.... við erum jú í skólanum til að læra þar en ekki að leika

okkur og fá skróp fyrir að vilja ekki leika okkur

leiðinlegt að krufningahópurinn hafi fallið niður ...

Þetta var alveg frábært en mætti kannski vera aðeins lengur. Öll vikan hefði hljómað vel.

Frekar að hafa vetrarfrí

Bobba þú ert best

Væri flott ef það myndi vera heil vika með opnum dögum.

Af þessum niðurstöðum má sjá að nemendum fannst þemavikan hafa tekist vel. Mikilvægt er að halda þessu áfram og hafa fjölbreytt þemu og bæta við hópum sem tengjast útivist, sundi, tölvum og hestum.

Huga þarf vel og tímanlega að skipulagi. Dagarnir tókust vel vegna þess að þeir voru vel skipulagðir. Einnig þarf að huga að þeim nemendum sem mæta kl 8:15 með rútu en eiga ekki að fara í tíma fyrir en kl. 10. Finna eitthvað að gera fyrir þau á meðan þau bíða eftir að dagskrá hefjist.

ÁFANGAMAT

Áfangamatinu var breytt frá síðustu önn. Það var framkvæmt með þeim hætti að kennarar fengu sendan tengil sem þeir settu inn á kennsluvefinn í þeim áfanga sem átti að meta. Í stað þess að nemendur svöruðu spurningum á blaði þar sem þeir gáfu einkunn þá voru spurningarnar á vefnum og flestar þannig að þau áttu að svara hvort þau væru sammála eða ósammála einhverri fullyrðingu. Einnig var hægt að setja inn athugasemdir (Viðauki 2).

Að þessu sinni fengust svör frá 121 nemenda, en þess ber að geta að í nokkrum tilfellum taka nemendur þátt í mati á fleiri en einum áfanga. Af þessum nemendum voru 71 karlkyns (59%) og 50 (41%) kvenkyns. Ef skoðað hvernig nemendur skólans skiptast eftir kyni þá eru 43% karlkyns og 57% kvenkyns. Meðalaldur allra svarenda var 20,3 ár. Þetta er nokkuð hár meðalaldur ef litið er til nemenda í framhaldsskóla, en skýrist af því að í einum áfanga, fjarkenndum enskuáfanga, var meðalaldurinn 43,2 ár. Sé þessi áfangi ekki tekinn með í útreikningunum þá er meðalaldur svarenda 18,5 ár. Ef reiknaður er meðalaldur allra nemenda skólans þá er hann 25,6 ár sem er hár meðalaldur miðað við það sem má búast við í framhaldsskóla. Skýringin á þessu er að við skólann er talsverður fjöldi nemenda á sjúkraliðabraut, námsbraut fyrir aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum og iðnmeistarabraut.


Eins og undanfarnar annir voru niðurstöður úr hverjum áfanga sendar viðkomandi kennara og skólameistara ásamt þeim athugasemdum sem komu fram. Loks voru allar niðurstöður teknar saman og settar fram á myndrænan hátt.

Fram hefur komið sú hugmynd að gera tilraun með að meta alla áfanga sem kenndir eru við skólann. Til þess að það sé hægt þá er nauðsynlegt að allir kennarar setji upp áfanga sína á kennsluvefinn.


Nauðsynlegt er að brýna fyrir nemendum að vera dugleg að svara og hvetja þau til að koma með athugasemdir í áfangamatinu. Það er öruggt að ekki er hægt að rekja svörin til þeirra og ef eitthvað hvílir á þeim þá er þetta vettvangurinn fyrir athugasemdir. Ætti að vera auðveldari þegar áfangamat er gert gegnum kennsluvef.

NIÐURSTÖÐUR ÁFANGAMATS


Hér á eftir eru sýndar heildarniðurstöður áfangamatsins. Tekin eru saman í eitt graf öll svör við hverri spyrningu.



Til samanburðar þá er hlutfall kynja í skólanum 43,4% KK og 56,6% KVK þannig að það sést greinilega að þessar niðurstöður gefa ekki rétta mynda af kynjahlutföllunum í skólanum og því er varasamt að draga ályktanir útfrá þeim varðandi mismun á svörum kynjanna.




Að þessu sinni var aðeins metinn ein fjaráfangi en næsta haust er stefnt að því að meta alla áfanga sem kenndir eru.




Eins og sjá má voru nokkrir nemendur sem fengu ekki kennsluáætlun í upphafi annar. Hugsanlega hafa þeir komið seint í áfangann, eða þeir muna ekki hvort þeir fengu kennsluáætlun afhenta. Af þessu má sjá að nauðsynlegt er að benda nemendum á að kennsluáætlunin er á


kennsluvefnum þannig að allir eiga að geta nálgast hana þar og þar með getað svarað þessari spurningu játandi.




Hér má sjá að flestir eru sammála því að kennsluáætlunum er vel fylgt sem verður að teljast góð niðurstaða og sýnir að kennurum tekst að fylgja þeim áætlunum sem settar eru fram í upphafi annar.




Hér sést að kennarar VA eru stundvísir. Vert er að benda á að í VA er engin bjalla sem hringir inn og eru bæði kennarar og nemendur stundvísir þrátt fyrir þetta.




Af þessum svörum má draga þá ályktun að kennarar VA hafa metnað í starfi og leggja sitt af mörkum til að vera nemendum fyrirmynd hvað stundvísi varðar og koma til kennslu vel undirbúinir.




Af þessum svörum mætti draga þá ályktun að kennarar VA noti fjölbreyttar kennsluáðferðir og þeim takis þannig að halda athygli nemenda vel. Á það skal bent að kennslustundir eru 1 klukkustund og því er nauðynlegt að brjóta kennsluna upp til að halda athygli nemenda allan tímann. Auðvitað er það ekki alltaf nóg, sumir nemendur eru þannig að þeir eiga yfirleitt erfitt með að halda athyglinni, einnig stutta stund.




Þetta eru jákvæðar niðurstöður, það er öllum ljóst mikilvægi þess að vel takist að virkja nemendur til starfa og sýnir þetta að kennurum VA tekst það vel.




Þetta staðfestir það sem allir vita að góðir kennarar gera.



Mætti vinna meira með þetta. Það er nauðsynlegt öllum nemendum að læra sjálfstæð vinnubrögð og það hlýtur að teljast gott veganesti út í lífið að geta unnið sjálfstætt.




Þessi niðurstaða er í samræmi við niðurstöður undangenginna ára.




Þetta er það sem allir kennarar eiga að sýna.

Kennarinn mismunar ekki nemendum




Hér eru einhverjir nemendur sem upplifa það að þeim sé mismunað. Þetta þurfa kennarar að hafa í huga í tímum. Spurning hvort kannu eigi þetta sérstaklega í haust eða kennarar ræða þetta við nemendur sína. Oft er það þannig að nemendur finnst þeim vera mismunað ef þeir fá ekki hjálp strax og þeir biðja um hana, eða þeir eru frekar óframfærnir og "týnast" þannig í stórum hópum. Þó ber að varast að draga of víðtækar ályktanir af þessu án frekari athugana.


Samkipti mín við kennarann eru góð




Þessi niðurstaða er í samræmi við niðurstöður undangenginna ára. Nemendur og kennarar í VA hafa ávallt haft góð samskipti og er það eitt af aðalsmerkjum skólans.




Hér er býsna mikil dreifing samanborðið við aðrar spurningar þó flestir séu sammála. Kennarar ættu að íhuga það hvort tímabært sé að skipta út námsefni. Í þessu samhengi má benda á að til er gátlisti/matstæki til að hjálpa kennurum að meta það námsefni sem þeir eru að nota.




Þetta er í takt við svörin við spurningunni um hvort kennsluáætlun væri vel fylgt.




Hér er aftur frekar mikil dreifing svara sem bendir til þess að hér megi bæta úr. Kennarar þurfa að huga að því hvernig hægt er að gera verkefnin áhugaverðari.



Þessi svör verða að teljast jákvæð því ekki er gott að nemendur hafi lítið að gera í áföngunum.



Þessar niðurstöður þyrfti að skoða nánar. Hvort það sé einhver einn áfangi sem er auðveldur eða hvort þetta dreifinst jafnt á áfangana. Lögun dreifingarinnar líkist normaldreifingu sem er það sem búast mætti við, en varasamt er að draga of miklar ályktanir af þessu þar sem úrtakið er lítið.



Við þessari spurningu fengust svör frá 120 nemendum. Af þeim voru 5 frekar eða mjög óánægðir. Meirihlutinn er ánægður og er það góð niðurstaða og í takt við aðrar spurningar í áfangamatinu.

Athugasemdir voru nokkrar og af ýmsum toga. Aðeins ein neikvæða athugasemd kom fram og var hún send viðkomandi kennara og skólameistara. Í einum verklegum áfanga komu athugasemdir um bjórkvöld og að kennarinn hefði bannað nemendum að mæta á bjórkvöld og verður það að teljast gott þar sem bjórkvöldið var í miðri viku og hafa nemendur ekkert erindi á slíka samkomu. Sú spurning hlýtur að vakna hver stóð fyrir bjórkvöldinu og hvort markhópurinn hafi verið nemendur skólans.

Á heildina litið eru niðurstöður áfangamatsins jákvæðar. Stefnt að því að meta fleiri áfanga á næstu önn, a.m.k. einn áfanga hjá hverjum kennara. Til þess að það verði hægt verða allir kennarar að setja upp áfanga sína í kennsluvef.

TILLÖGUR VORANNAR

- Tengja stefnumótunarvinnu inn í innleiðingu og smíði nýrrar skólanámskrár.
- Gera könnun til að finna hvað það er sem starfsmenn eru ósáttir við varðandi sjálfsmat.
- Halda áfram með SurveyMonkey í áfangamati.
- Meta einn áfanga hjá hverjum kennara.
- Allir kennarar verða að setja áfanga sína upp í kennsluvef.
- Brýna fyrir nemendum að svara rafrænu könnuninum þog nota tækifærið til að koma með athugasemdir.
- Hafa opna daga með sama sniði og í vor, gæta að fjölda hópa og að tímasetningar gangi upp.
- Sjálfsmatsnefnd fái sér fund með starfsfólki skólans til að fara yfir skýrslu annarinnar/vetrarins.
- Taka aftur upp félagslífshópa.
- Taka aftur upp skólavini.
- Næst þegar störf stjórnenda verða metin þarf að vera með sér könnun fyrir hvern stjórnanda.

Viðauki 1 – Mat á störfum stjórnenda

Spurningar við öllum spurningum var svarmöguleikinn já, nei eða veit ekki. Við spurninguna Annað sem þú vilt koma á framfæri... var hægt að skrifa athugasemdir.

1. Forysta skólameistara

1. Reikna starfsmenn með forystu skólameistara?
2. Veitir skólameistari slíka forystu?
3. Kemur skólameistari fram með hugmyndir og gerir tillögur um fyrirkomulag?
4. Kallar skólameistari eftir frumkvæði annarra og þátttöku í umræðu og námi?
5. Leggur skólameistari til þekkingu og gefur hann öðrum hlutdeild í sinni þekkingu?
6. Annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi forystu skólameistara?

2. Framtíðarsýn stjórnenda

1. Leggur skólameistari fram sýn á þróun skólans og markmið starfseminnar?
2. Miðlar skólameistari sinni framtíðarsýn til skólasamfélagsins?
3. Er framtíðarsýn stjórnenda skólans metnaðarfull og árangursmiðuð?
4. Liggur fyrir samþykki við framtíðarsýn stjórnenda?
5. Annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi framtíðarsýn stjórnenda?

3. Starfsmarkmið stjórnenda

1. Liggja fyrir skilgreind starfsmarkmið skólameistara.
2. Er skólasamfélagið meðvitað um tilgreind starfsmarkmið stjórnenda?
3. Eru starfsmarkmið stjórnenda metnaðarfull og árangursmiðuð?
4. Eru stjórnendur virkir í að sérmennta sig?
5. Annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi starfsmarkmið stjórnenda?

4. Metnaður skólans

1. Sýnir skólameistari metnað í starfi?
2. Er starfsmönnum ljós metnaður skólameistara?
3. Eru nemendur og foreldrar meðvitaðir um metnað skólameistara fyrir hönd starfseminnar?
4. Annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi metnað skólans?

5. Samstarf stjórnenda

1. Er samstarf stjórnenda skilvirkt og árangursríkt?
2. Liggur fyrir skýr verkaskipting milli stjórnenda og skrifstofufólks?
3. Er starfsmönnum, nemendum og samstarfsaðilum ljós verkaskipting milli stjórnenda?
4. Virða stjórnendur og starfsmenn staðfesta verkaskiptingu?
5. Annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi samstarf stjórnenda?

6. Virkni stjórnenda

1. Er skólameistari sýnilegur í vinnunni og aðgengilegur fyrir nemendur og starfsmenn?
2. Eru stjórnendur skólans virkir í að vekja mál og leggja fram skilgreiningar á samhengi og árangri?
3. Eru stjórnendur skólans virkir í að halda fram upplýsingum og nýrri þekkingu?
4. Skila stjórnendur einbeittu starfi í þágu skólans?
5. Annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi virkni stjórnenda?

7. Viðmót stjórnenda

1. Er skólameistari hvetjandi í viðmóti?
2. Hefur skólameistari jákvæða nærveru?
3. Mæta stjórnendur nemendum, foreldrum og samstarfsaðilum með jákvæðum hætti?
4. Er skólameistari kröfuharður við sjálfan sig og væntir þess að allir leggi sig fram?
5. Beita stjórnendur hrósi og umbun með áhrifaríkum hætti?
6. Annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi viðmót stjórnenda?

8. Ákvarðanataka

1. Eru ákvarðanir stjórnenda og skólastjórnar kynntar með reglubundnum og markvissum hætti?
2. Er kallað eftir því að ákvörðunum sé framfylgt og gerð skil til samstarfsfólks eða hlutaðeigandi yfirmanna?
3. Annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi ákvarðanatöku?

9. Samskiptasnið

1. Eru samskipti stjórnenda og starfsmanna byggð á skipulagðri upplýsingamiðlun?
2. Er meðvitað samspil stjórnenda og starfsmanna varðandi ákvarðanatöku?
3. Liggur fyrir skilgreind sýn skólameistara á því hvernig hún vill byggja upp traust samskipti?
4. Annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi samskiptasnið?

Viðauki 2 – Mat á sjálfsmati - Spurningar

1. Hversu ósammála eða sammála ertu því að sjálfsmat í VA sé sýnilegt?
2. Hefur þú orðið var/vör við aðgerðir sem komið hafa í kjölfar úttektar eða mats?
3. Hversu ósammála eða sammála ertu því að sjálfsmat í VA skili árangri?
4. Hefur þú lesið einhverja af skýrslum sjálfsmatsnefndar?
5. Hversu ósammála eða sammála ertu því að niðurstöður sjálfsmats séu vel kynntar?
6. Hvernig vilt þú hafa aðgengi að niðurstöðum sjálfsmats?
7. Hefur áfangi sem þú kennir (hefur kennt) verið metinn af nemendum á síðustu tveimur árum (áfangamat)?
8. Hversu oft finnst þér að meta eigi hvern áfanga?
9. Hversu ósammála eða sammála ertu því að áfangamatið sé nauðsynlegt?
10. Hversu ósammála eða sammála ertu því að sjálfsmat skóla eigi eingöngu að snúast um mat á kennslu?
Ef þú ert ósammála, um hvað á sjálfsmat að snúast
11. Ert þú sátt(ur) við vinnu sjálfsmatsnefndarinnar?
12. Er eitthvað sem þér finnst vanta í sjálfsmat VA eða mætti vera öðruvísi gert?
13. Hefur þú áhuga á að starfa við sjálfsmat í VA?